

44 Útborganir:		Áætlun:		Reikningur:	
4. apríl	10. Gjöld samkvæmt	11. gr. D.	fjárlaga .. kr.	2 250 000.00	kr. 2 127 759.73
	11. — —	12. — —	.. —	28 228 715.00	— 27 766 026.28
	12. — —	13. — A.	— .. —	39 542 438.00	— 50 951 650.66
	13. — —	13. — B.	— .. —	6 679 000.00	— 9 527 473.39
	14. — —	13. — C.	— .. —	11 617 919.00	— 12 464 218.21
	15. — —	13. — D.	— .. —	3 317 841.00	— 1 744 146.60
	16. — —	14. — A.	— .. —	5 988 886.00	— 6 235 073.42
	17. — —	14. — B.	— .. —	56 445 639.00	— 58 560 966.68
	18. — —	15. — A.	— .. —	4 971 199.00	— 5 306 554.55
	19. — —	15. — B.	— .. —	5 916 828.00	— 6 533 533.42
	20. — —	16. — A.	— .. —	41 513 291.00	— 44 013 130.40
	21. — —	16. — B.	— .. —	5 335 055.00	— 9 845 722.44
	22. — —	16. — C.	— .. —	1 863 220.00	— 1 861 718.95
	23. — —	16. — D.	— .. —	5 527 341.00	— 4 716 550.60
	24. — —	17. — —	.. —	51 084 339.00	— 52 185 254.59
	25. — —	18. — —	.. —	12 505 471.00	— 13 013 724.87
	26. — —	19. — 1.	— .. —	36 800 000.00	— 48 558 086.29
	27. — —	19. — 2.	— .. —	2 500 000.00	—
	28. — —	19. — 3.	— .. —	1 500 000.00	— 4 221 090.22
	29. Eignahreyfingar samkv.	20. gr. fjárlaga	—	41 891 670.00	— 134 238 561.23
		Greiðslujöfnuður	—	1 589 887.00	—
				Kr. 423 644 750.00	kr. 557 933 292.40

Gjört að Bessastöðum, 4. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

45

5. apríl

L Ö G

um breyting á lögum nr. 50/1940, um lögreglumenn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 3. gr. laganna komi ný grein, er verður 4. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatala í samræmi við það):

Lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkvæmt 6. gr. annast löggæzlu frá 15. júní til 15. sept. ár hvert í kaптúnun, þar sem fjöldi aðkomufólks dvelur um stundarsakir vegna sildveiða; enn fremur á öðrum stöðum og árstímum eftir ákvörðun ráðherra, þar sem nauðsyn þykir til slíkra ráðstafana vegna hliðstæðra orsaka.

Ráðherra er heimilt að láta lögreglumenn ríkisins og varalögreglumenn samkv. 6. gr. annast löggæzlu á samkomum utan kaupstaða, ef hlutaðeigandi lögreglustjóri

gerir grein fyrir þörf þess. Lögreglustjóri getur þó krafizt þess, að forráðamenn samkomuhalds annist hæfilega gæzlu innanhúss. 45
5. apríl

Í reglugerð skal kveðið nánar á um löggæzlu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

L Ö G

46

5. apríl

um breyting á lögum nr. 41 25. maí 1949, um gildistöku alþjóðasamnings um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Meðan Ísland er aðili að alþjóðasamningnum um loftflutninga, er undirritaður var í Varsjá hinn 12. október 1929, eins og honum hefur verið breytt með viðbótarsamningi gerðum í Haag 28. september 1955, og birtur er sem fylgiskjal með lögum þessum, skulu ákvæði Varsjársmningsins með breytingum í Haag 1955 hafa laga-gildi hér á landi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 5. apríl 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Kristinn Guðmundsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR

um breytingar á alþjóðasamningi um samræmingu nokkurra reglna varðandi loftflutninga milli landa, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929.

PROTOCOLE

portant modification de la Convention pour l'unification de certaines règles relatives au transport aérien international signée à Varsovie le 12 octobre 1929

Undirritaðar ríkisstjórnir telja, að æskilegt sé að breyta samningnum um samræmingu nokkurra reglna varðandi

LES GOUVERNEMENTS SOUSSIGNES CONSIDERANT qu'il est souhaitable d'amender la Convention pour l'unifica-